

Suður
Mkv. 1:100



Austur
Mkv. 1:100



Norður
Mkv. 1:100

Samþykkt
11 JULI 2008
Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu



Vestur
Mkv. 1:100




Grunnmynd
Mkv. 1:50

BYGGINGARLÝSING:

Undirstöður og gólf:
Húsið er byggt úr timbri og hvílir á steyptum súlum. Dregarar eru fjórir. Tveir bitar 50 x 150 eru boltaðir saman og sitja á fjórum súlum, Ø315 mm í þvermál. Festing með M16 snitteinum, skinnum og róm. Dregarar tengjast einnig dregurum í eldra húsi. Súlur eru sautján alls. Gólfbitar eru 50 x 150 með 600 mm bili. Festing við dregara með þakásankerum, gaffalankerum og tilheyrandi neglingu. Lokun við neðri brún bita er stálnet og þar yfir vindlokun með tjörutexi. Einangrun í gólfi er 150 mm steinull. þar yfir er þolplast til rakavarnar en gólfið er klætt með 22 mm rakavörðum spónaplötum. þar ofan á er flísalögn.

Hliðarveggir (austur – vestur) og gluggar:
Veggjagrindur eru úr alhefluðu timbri í styrkleikaflokki T-1, 48 x 123 mm með 600 mm millibili. þar sem hurð eða gluggi skerðir stoðakerfið er bætt við aukastoð beggja megin við hurð eða glugga. Festing við gólfbita með gaffalankerum, vinklum, snitteinum og neglingu, skinnum og róm. Grind er klædd að utan með 12 mm grenikrossvið sem neglist við veggjagindur og gólfbita. þá er sett 21 mm lóðrétt loftunargrind c/c 600 og yst harðviðarklæðning. Hliðarveggir eru einangraðir með 120 mm þilull. þar fyrir innan er þolplast til rakavarnar. Lagnagrind er 28 x 45 mm fura og er klætt á hana með furu panil, 12 x 120 mm. Gluggakarmar eru álklæddir trégluggar af viðurkenndri gerð og eru rennihurðir að vestanverðu. Allir gluggar eru með tvöföldu verksmiðjugleri og gluggar yfir rennihurðum og í eldhúsi með opnanlegu fagi. Frágangur við glugga er úr timbri, utan og innan.

Gaflveggir (norður – suður):
Gaflveggir eru byggðir úr sams konar efni og hliðarveggir. Gluggi til suðurs og hurð til norðurs eru sömu gerðar og í hliðarveggjum. Veggir eru klæddir með forveðruðu zinki.

þak:
þaksperrur eru 48 x 198 mm með 600 mm bili, í styrkleikaflokki T-3. Sperrur festast við veggjagrindur með gaffalannkerum, vinklum og tilheyrandi neglingu, boltum, skinnum og róm. Einangrun er 180 mm þakull og yfir henni 20 mm loftbil og 22 mm krossviðarklæðning yfir. þakefni er tvöfaldur bræðslupappi af viðurkenndri gerð. þakkantur er umhverfis þak, klæddur með forveðruðu zinki og 300mm skyggni með austur og vesturveggjum. þakniðurföll eru tekin í gegnum skyggnið. Inni er þolplast til rakavarnar undir sperrum og þar undir 28 mm raflagnagrind og furupanill eins og á veggjum.

Litir og umhverfi:
Hliðarveggir að utan eru rauð-brúnir en gaflveggir gráir. Gluggar eru dökkgráir að utan en viðarlitir inni. þak er svart. Litir inni eru að mestu ljósir viðarlitir. Viðarpallur er vestan við hús.

Annað:
Vatn fyrir eldhús og frárennsli tengjast kerfum fyrir eldra hús.

**RAUÐABERG**
**Skógræktarland - sumarhús**
**Viðbygging. Útlit, grunnmynd og snið**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kvarði: | 1:100, 1:50 | Flokkur: | B | Teikn nr: | R-10 |
| Dags: | 25.06.08 | Verknr: | 08-06 | Hannað: | JÞÞ/AH |
| Breyting: | | | | Teiknað: | JÞÞ/AH |


Jón Þór Þorvaldsson 021256-7579 ÚTI-INNI Arkitektar, Þingholtsstræti 27, 101 Reykjavík
Atli Hauksson byggingartæknifræðingur FTFÍ 300752-4389
Hauntungu 107 - 200 Kópavogur - Sími: 861 7969, atli@hnit.is


SAMÞYKKT: